

fresti nokkra þá fyrirskipan, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varð- **107**
ar það alltað 200 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð. 23. ágúst

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hef-
ir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og
skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka það lög-
taki hjá þeim, er sekur er.

33. gr.

Samþykktin öðlast gildi 1. janúar 1905.

Samþykkt þessi, sem orðin er til á þann hátt, sem mælt er fyrir um í
1. gr. í lögum 23. október 1903 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveit-
arfjelög, er staðfest af amtsráði Austuramtsins.

Amtsráð Austuramtsins, 23. ágúst 1904.

Páll Briem.

Reglugjörð

108
23. ágúst

um fjallskil í Þingeyjarsýslu.

Amtsráðin í Norðuramtinu og Austuramtinu gjöra kunnugt:
Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda
og lögum 24. nóvbr. 1903 um breyting á tyrnefndum lögum er hjer með staðfest
og löggilt eptirfylgjandi

REGLUGJÖRÐ

um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu.

(endurskoðuð 1904).

I. Um afrjetti.

1. gr.

Suðurþingeyjarsýsla ásamt Keldunesshreppi í Norðurþingeyjarsýslu skipt-
ist eptir landsháttum í 3 fjallskilafjelög þannig: á öllu svæðinu milli Jökulsár
og Skjálfandafjós sje eitt fjallskilafjelag; annað fjallskilafjelag sje á svæðinu
vestan Skjálfandafjós og norðan Ljósavatnsskarðs, vestur í Fnjóskadal hjá
Skógum og þaðan yfir Vaðlaheiði að Veigastöðum á Svalbarðsströnd; hið þriðja

108 fjallskilafjelag sje á svæðinu vestan Skjálfandafljóts ofanvið Ljósavatnsskarð.
 23. ágúst Hvert fjallskilafjelag skiptist í deildir eptir því, sem landi hagar og fjöll og vatnsföll deila. Sýslunefnd ákveður takmörk deilda, eptir tillögum hlutað-eigandi sveitarfjelaga.

2. gr.

Sýslunefnd hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskilamálefna í sýslunni samkvæmt tilskipun 4. maí 1872. En hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd í fjallskilamálum deildanna. Nú tilheyrir ein deild tveimur eða fleiri hreppum, og hafa þá hlutaðeigandi hreppar störf þessi sameiginlega á hendi.

3. gr.

Allt land skiptist í öræfi, afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Sýslunefnd getur og tekið upp nýja afrjetti, ef nauðsýn ber til, eptir tillögum hreppsnefnda og með samþykki landeiganda.

Hver hreppsnefnd skal semja skrá yfir þá afrjetti, með tölu og ummerkjum, er hún hefir umsjón með, og skal rita hana í fjallskilabók hreppsins. Þessar skrár skulu allar sendar sýslunefnd, er sjer um, að þær sjeu allar innfærðar í eina bók.

4. gr.

Hreppsnefndirnar gangast fyrir því, hver í sínum hreppi, að gerð sje sveitarsamþykkt um það, hvort nota skuli heimalönd til upprekstrar fyrir geldfje eða lömb; skal í samþykktinni skýrt tekið fram, hver þau lönd sje, og tala þess fjár, er í þau má reka. Má enginn nota, eða leyfa öðrum að nota heimaland sitt, til upprekstrar, nema það sje þannig heimilað með gildandi sveitarsamþykkt, samþykktri af sýslunefnd, ella tvígjaldi hann fjártolla grönnum þeim, er lönd eiga að landi hans, og verður sekur að auki sem um gangnarof.

Nú liggja saman heimalönd hreppa, er menn vilja nota til upprekstrar, og skulu þá hlutaðeigandi hreppsnefndir gera sameiginlega samþykkt um notkun þeirra. Heimalönd þau, sem heimild er fyrir að nota til upprekstrar, skal skoða sem afrjett, að því er göngu snertir, enda sje þau notuð á þann hátt af fleirum en landeiganda sjálfum.

Allar samþykktir sem nefndar eru í grein þessari, hvort sem þær eru eldri eða yngri en þessi reglugerð, skulu sendar sýslunefnd til samþykktar, áður en ár er liðið frá því er reglugjörðin öðlast gildi.

5. gr.

Sauðfje, sem menn hafa í hólum og eyjum, skal undanþegið fjallskilum, ef það kemst eigi þaðan hjálparlaust, að álitu hlutaðeigandi hreppsnefndar.

6. gr.

Allt sauðfje nema kvíaær þær, sem nytkaðar eru, eða það fje, sem menn hafa í hólum og eyjum (sbr. 5. gr.), skal reka í afrjetti, eða í þau heimalönd,

sem notuð eru fyrir afrjetti (sbr. 4. gr.). Verður hver, sem eigi hlýðnast þessu, **108**
 sekur sem um gangnarof, og gjaldi grönnum sínum skaðabætur að auki eptir **23. ágúst**
 óvilhallra manna mati. Allt fullorðið geldfje skal á afrjett komið, þá er 8 vik-
 ur eru af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni; en lömb og dilkar viku eptir
 fráfarur. Reka skal á miðjan afrjett, nema afrjettareigandi eða hreppsnefnd
 hafi öðru vísi mælt fyrir.

7. gr.

Nú gengur fje á sumrum úr afrjettum og í búfjárhaga manna. Er þá
 rjett að búendur þeir, er lönd eiga að afrjetti kveðji granna sína, þá er næstir
 búá, til að hreinsa land með sjer, og reka fje aptur í afrjetti. Svo skulu þeir
 haga hreinsun og rekstri, að fjenu verði eigi mein að, ella varðar það sektum
 sem fyrir gangnarof, nema meiru varði eptir almennum hegningarlögum.

8. gr.

Rjett er þeim, er líður usla og ágang af afrjettarfje, að kæra það fyrir
 sýslunefnd, enda hafi hann eigi náð samkomulagi við umráðamann afrjettar, og
 leggur þá sýslunefnd fullnaðarúrskurð á málið.

9. gr.

Nú ei a tveir eða fleiri menn afrjett saman og skiptast þá afrjettartoll-
 ar milli þeirra eptir tiltölu hvers eins í afrjetti, þótt einn leyfi upprekstur frek-
 ara en aðrir.

10. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera ákvörðun um, hve margt sauðfje má
 reka á hvern afrjett, sem heyrir undir stjórn hennar. Sje eigandi afrjettar
 óánægður með ákvörðunina, er honum heimilt að skjóta máli sínu til sýsluuefnd-
 ar, er leggur fullnaðarúrskurð á málið. Sú hreppsnefnd, sem telur of margt fje
 rekið í adliggjandi utansveitarafrijett, getur og skotið því atriði til fullnaðarúr-
 skurðar sýslunefndar, náist eigi samkomulagi við umráðamann afrjettarins.

II. Um fjárrjettir.

11. gr.

Fjárrjettir skiptast í aðalrjettir og aukarjettir. Ákveður sýslunefnd, ept-
 ir uppástungum hreppsnefndanna, hverjar skuli vera aðalrjettir og hverjar auka-
 rjettir. Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett. Á aukarjettum skal
 rjetta fyren á aðalrjettum, enda gangi úrtíningsfje á aukarjettum til aðalrjetta,
 og dragist þar upp. Sýslunefnd semur skrá yfir allar fjárrjettir í sýslufjelaginu.
 Skal þar framtekið, hverja afrjetti og heimalönd ganga skal að hverri rjett, og
 hverja daga þar skal rjetta. Skrá þessa skal síðan rita í fjallskilabók
 hvers hrepps.

12. gr.

Skyldir eru búendur í hverjum hreppi að halda við fjárrjettum og byggja að nýju, ef þört er á. Skulu þeir leggja þartil skylduvinnu eptir niðurföfnun hreppsnefndar, þegar um rjettarbygging eða stærri aðgjörðir er að ræða, en smá aðgjörðir lætur hreppsnefnd framkvæma og jafnar þeim kostnaði niður á hrepps-búa ásamt fjallskilunum. Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sjer sjálfum fyrir dilkrúmi við þá rjett, er hann á sókn að, handa öllu því fje, er hann á á afrjetti. Nú á maður sókn að tveim rjettum, og er hann skyldur að eiga dilkrúm á báðum. Hver sem eigi vinnur þá skylduvinnu að fjárrjett, er á hann skiptist, eða vanrækir að hafa þar nægilegt dilkrúm fyrir fje sitt, verður sekur sem um gangnarof. Svo má og hreppsnefnd láta vinna verk það, er honum bar að vinna, á hans kostnað. Lokið skal aðgjörð rjettar og dilka degi fyrir hinn fyrsta rjettardag haust hvert.

13. gr.

Nú þykir þörf á að fjölga fjárrjettum, eða færa gamla rjett á annan hentari stað, og skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málefnið undir atkvæði búenda í hreppnum, á almennum fundi. Sje um aukarjett að ræða, ræður meiri hluti atkvæða málinu til fullnaðarlykta, en um aðalrjett þarf samþykki sýslunefndar, til þess ákvörðunin sje gild.

III. Um smölun til rúnings og fráfærna

14. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorin eptir því, sem hreppsnefnd ákveður.

15. gr.

Hreppsnefnd hefir heimild til að skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin til rúnings, þegar hentugast þykir. Ef þörf gerist, má hún láta göngur fara fram í afrjettum; hið sama gildir að því er snertir smölun á-ám til fráfærna.

IV. Um göngur og rjettun.

16. gr.

Hver fjáreigandi, sem á sauðkindur á afrjetti, er skyldur að gjöra fjallskil á þann hátt, sem hreppsnefnd ákveður, en skyldur er hver húsráðandi að inna fjallskilin af hendi fyrir heimamenn. Enginn er undanþeginn almenntri fjallskilaskyldu, þótt hann hafi sleppt geldfje sínu í heimalönd, annaðhvort í óleyfi, eða samkvæmt 4. gr

17. gr.

Skipta skal hreppsnefnd afrjettum þeim, sem hún á fyrir að ráða, í leitir

og kveða á um, hve marga menn þarf í leit hverja, svo og til annara fjárrjetta, **108**
er sækja þarf fje að. Skrá um þetta skal rita í fjallskilabókina. **23. ágúst**

18. gr.

Á vorhreppamóti ár hvert skal hreppsnefndin, þá er framtal er tekið, rita upp fjártölu framteljenda, og er þeim jafnframt skylt að skýra hreppsnefndinni frá, hvaða afrjett þeir nota það ár. Hreppsnefnd er skylt að semja skýrslu um fjártölu þeirra hreppsþúa, er reka á utansveitarafrijetti, og senda skýrslu þessa hlutaðeigandi hreppsnefnd eigi síðar en mánuði fyrir göngur.

Hreppsnefnd ákveður, hve mikið hver fjäreigandi skal leggja til fjallskilanna, með hliðsjón af fjártölu hvers eins, eptir því, sem næst verður komizt.

19. gr.

Nú er eigi svo mikill mannaflí til, að einhver afrjettur verði hreinsaður til hlítar af þeim, er hann nota, og er þá rjett að það fjallskilafjelag, er afrjetturinn liggur í, leggi hæfilegan styrk til fjallskila á þeim afrjetti. Synji hlutaðeigandi um þann styrk, eða verði ágreiningur um, hve mikill hann skuli vera, heyrir það undir úrskurð sýslunefndar.

20. gr.

Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, og er honum það sjálfrátt, eða leggur ógildan mann til fjallskila, þá eru það gangnarof og varðar 5 til 20 króna fjeþótum. Sje brotið itrekað, tvöfaldast sektirnar í hvert skipti, þó mega þær aldrei verða hærri en 200 krónur. Auk þess greiðir sá, er brýtur, slíkar skaðabætur, er samsvari fjallskilum þeim, er hann hefir vanrækt. Rjett er og að leitarforingi eða hreppsnefnd fái mann til að gera fjallskil í stað þess, sem gangnarof gerði, á hans kostnað, og falla þá skaðabætur niður, sama gildir og un þann, er lögmæt forföll hefir.

21. gr.

Hæfan gangnamann skal álíta þann, er leitarforingi og minnst helmingur leitarmanna tekur gildan. Nú verður einhver leitarmaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða handvömm, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal svo álíta, sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinni, og varðar sektum og skaðabótum, sem fyrir gangnarof.

22. gr.

Það skal vera aðalregla, að gera þrenn fjallskil haust hvert; þó skal hreppsnefnd heimilt, með samþykki sveitarmanna, að skipa fyrir um fleiri eða færri fjallskil, eptir því sem henta þykir á hverjum stað, og í hvert skipti. Nú kemur óveður, þegar gangnamenn eru á stað komnir og göngur byrjaðar, svo þær verða að litlu gagni eða engu, og er það komið undir hlutaðeigandi hreppsnefnd, hvort hún álitur að nokkrar göngur hafi verið gerðar í það sinn.

Fyrstu haustgöngur skulu byrja 15. september ár hvert (í stað hins forna gangnasunnudags, eða 12. september). Samkvæmt þessu færast rjettardagar á aðalrjettum og aukarjettum í sýslunni um 3 daga: fyrsti Hraunsrjettardagur 18. september o. s. frv.

24. gr.

Hreppsnefnd skal birta með umburðarbrjefi, er berist sem þingboð um hreppinn, nokkru á undan fjallskilum, hvað hver fjáreigandi skal leggja til fjallskilanna; sje þar tekið fram, hvernig göngum skal haga í hvert skipti, tilnefndir leitarforingjar og þeir menn, sem sendir eru á aðrar fjárrjettir. Hreppsnefndin hefir umsjón með rjettun fjárins og sundurdrætti. Rjett er að hún kveði sjer til aðstoðar á rjettinni svo marga menn, sem þarf til þess, að sundurdráttur fjárins gangi greiðlega. Alls konar óhlýðni og þrjózka gegn skipun rjettarstjóra varðar sektum, sem fyrir gangnarof.

Störf þau, sem upp eru talin í þessari grein, má hreppsnefndin fela einum eða fleiri mönnum til framkvæmda.

25. gr.

Hver fjáreigandi er skyldur að hafa svo marga menn á þeirri fjárrjett, er hann á sókn að, sem með þarf til þess, að fje hans verði dregið svo greiðlega, sem rjettarstjóri mælir fyrir um. Skal að minnsta kosti einn maður vera kominn til rjettar frá hverjum fjáreiganda, þá er rjettað er, og sundurdráttur byrjar, enda má enginn reka fje frá rjettinni fyrri en honum er lokið, nema rjettarstjóri leyfi.

26. gr.

Leitarforingjar skipa fyrir um, hvernig göngum skal haga í hverri leit. Þeir sjá svo um, sem unnt er, að hver einstakur gangnamaður leysi hlutverk sitt vel af hendi, og að fjársöfnin sje rekin með reglu til rjettar og í tækan tíma. Svo hafa þeir og umsjón með geymslu fjárins, þar til rjettarstjóri tekur við því. Eru gangnamenn skyldir að hlýða leitarforingja, og varðar sektum sem fyrir gangnarof, ef útaf er brugðið. —

27. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, ef þörf krefur, að jafna niður á alla fjáreigendur í hreppnum, auk þeirrar skylduvinnu til fjallskila, sem ræðir um í 16. gr., allt að 2 aura gjaldi á hverja kind. Gjald þetta innheimtir hreppsnefndin og er einn dagi þess 31. desember.

Sje þessi heimild notuð, skal jafnhliða stofna fjallskilasjóð fyrir hreppinn, sem hreppsnefnd geymir og ábyrgist. Rennur þá fyrgreint gjald í þennan sjóð, og er ennfremur heimilt að til hans falli smærri eptirstöðvar, er eigi hafa unnt izt upp með skylduvinnu.

28. gr.

108
23. ágúst

Tekjum fjallskilasjóðs má aðeins verja til að standa straum af fjallskilakostnaði, sem eigi verður auðveldlega inntur af höndum með skylduvinnu, svo sem: að borga aukaleitir, öræfaleitir, eptirleitargjald fyrir fjáreigendur í hreppnum o. fl. Hreppsnefnd semur og sendir sýslunefnd í janúar ár hvert reikning um tekjur og gjöld fjallskilasjóðs.

29. gr.

Þyki einhverjum sjer gerð of mikil fjallskil, hefir hann rjett til að kæra það fyrir hreppsnefnd, er leggur úrskurð á kæru hans. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til sýslunefndar. — Engin getur, með því að kæra, skotið sjer undan að inna af hendi þau fjallskil, er honum voru gerð.

V. Um hreinsun heimalanda.

30. gr.

Hver búandi er skyldur, að hreinsa heimaland sitt á hverju hausti um leið og fyrstu fjallskil fara fram. Skipar hreppsnefnd fyrir um rekstur þess fjár til rjettar, er fyrir kemur í heimalöndum, eða sjer um rjettun þess, sje það rjett- að í aukarjettum. Heimilt er og hreppsnefnd að skipa fyrir um almenna hreinsun heimalanda optar en einu sinni á hausti hverju, þegar henni þykir nauðsyn til bera.

31. gr.

Nú liggja lönd tveggja eða fleiri hreppa saman, og skulu hlutadeigandi hreppsnefndir gera samþykkt um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði, er lönd hreppa ná saman. Sama gildir og um sínöln til rúnings og fráferna. Greini hreppsnefndir á um þetta, skal sýslunefnd skera úr. Ohlýðni gegn skipunum hreppsnefnda um hreinsun heimalanda, og hverskonar vanræksla í því efni, varðar sektum sem fyrir gangnarof.

32. gr.

Hver maður er skyldur að hirða fje það, er finnst í heimalöndum eptir að hinn almennu hreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar þá leið, er það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns frá næsta bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust áfram rjetta leið, nema kveld sje komið eða óveður, svo að eigi sje fært. Skal þá beita fjenu eða gefa hey ella, uns fært er að reka. Hver sem sleppir fjárrekstri, verður sekur sem um gangnarof.

VI. Um eptirleitir.

33. gr.

Þá er fjallskilum er að fullu lokið, má hreppsnefnd leyfa eptirleitir á afrjetti, annaðhvort fyrir umsamda borgun, eða á kostnað leitarmanna sjálfra.

34. gr.

Nú finnur maður fje á afrjetti í eptirleit og ber honum þá borgun fyrir það þannig:

fyrir lamb hvert	kr. 2,25
— veturgamla kind	— 3,00
— dilká með dilk	— 4,50
— dilká með 2 dilkum	— 6,00
— dilká dilklausa eða mylka á	— 2,50
— gelda á	— 3,00
— sauð 2 vetra og eldri	— 3,50
— hrút - — — —	— 5,00

Borgun fyrir eptirleitarfje greiðist úr fjallskilasjóði, þar sem hann er, en ella af eigendum fjárins.

Fyrir óheimt fje, sem finnst í heimalöndum, eða við smölun fjár, þótt í afrjett sje, eptir að fjallskilum er lokið, er eigi skylt að greiða fundarlaun.

35. gr.

Fjárleitir á öræfi, sem ekki geta talizt til nokkurra afrjetta, skulu gerðar eptir sömu reglum sem eptirleitir, en heimilt er að þær fari fram samtímis fjallskilum.

VII. Um fjármörk.

36. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt með glöggu marki á eyrum, en, ef soramarkað er, með brennimarki á hornum eða klaufum. Skrúði og brögð á eyrum eru auðkenni en eigi fjármörk. Um markrjettindi og sammerkingar fer svo, sem í lögum er ákveðið.

Hver fjáreigandi er skyldur að auðkenna sauðfje sitt á vinstra horni með þessum sveitabrennimerkjum:

í Kelduneshreppi	Þ 1
- Húsavíkurhreppi	Þ 2
- Aðaldælahreppi	Þ 3
- Reykdælahreppi	Þ 3
- Skútustaðahreppi	Þ 4
- Ljósavatnshreppi	Þ 5
- Hálshreppi	Þ 6

í Grýtubakkahreppi	Þ 7
- Svalbarðsstrandahreppi	Þ 8

37. gr.

Öll fjármörk sýslunnar skal rita í eina skrá, er sýslunefndin semur, og skal prenta hana svo opt, er sýslunefnd álitur að þurfi, og útbýta meðal búenda í sýslufjelaginu.

Hver búandi er skyldur að geyma markaskrána meðal þeirra heimildarskjala, er fylgja ábýli hans, og skila næsta ábúanda, er hann flytur frá jörðunni.

VIII. Um óskilafje.

38. gr.

Óskilafje, sem ekki finnast eigendur að, skal hreppsnefnd birða, og senda lýsingu af því í næstu sveitir. Það fje, sem óútgengið er á hausthreppamóti, seljist við uppboð af hlutaðeigandi hreppstjóra. Því fje, sem þannig er selt, skal hreppstjóri lýsa í prentuðu blaði innan þriggja mánaða.

IX. Almennar ákvarðanir.

39. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerskilda fjallskilabók. Skal í hana rita skrár þær, sem um er getið í reglugjörð þessari, og allar þær ákvarðanir, er hreppsnefnd gjörir um fjallskilamálefni. Oddviti sýslunefndarinnar getur heimtað endurrit úr fjallskilabókinni, hvenær sem þarf.

40. gr.

Með brot gegn ákvörðunum reglugjörðar þessarar skal fara sem almenn lögreglumál (sbr. lög 22. marz 1890). —

41. gr.

Með reglugjörð þessari, sem öðlast gildi 1. janúar 1905, er úr gildi num-in reglugjörð um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu frá 15. júní 1893. (1. jan. 1894). —

Amtsráð Norðuramtsins og amtsráð Austuramtsins.

Akureyri 23. ágúst 1904.

Páll Briem.